

## Fundargerð

### 294. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 9<sup>00</sup>–10<sup>00</sup>.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)  
Hildur Hauksdóttir (HH)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Eygerður Margrétardóttir (EM)

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

*Samþykkt, án áritunar*

#### 2. Plastumbúðir

Framhaldið var umræðu er ÓK fór yfir að á síðasta fundi og fjallaði um tillögur um breytt fyrirkomulag vegna endurgjalds fyrir plastumbúðir og tillögur um upphæðir endurgjalds fyrir endurvinnslu og orkuvinnslu. ÓK sýndi glærur og fór yfir tillögur með hliðsjón af umræðum á síðasta fundi er varðar endurgjald fyrir orkuvinnslu. Stjórnarmenn ræddi tillögur um nýtt endurgjald.

Lögð var til eftirfarandi tillaga að endurgjaldi fyrir meðhöndlun á plastumbúðum:

Blandað plast frá heimilum:	EF 130 kr/kg	OF 35 kr/kg
Plastfilma glær 98/2	EV 9 kr/kg	EE 12 kr/kg (35% óhreinindaálag)
Plastfilma lituð	EV 35 kr/kg	EE 47 kr/kg (35% óhreinindaálag)
Stíft plast	EV 30 kr/kg	EE 41 kr/kg (35% óhreinindaálag)
Frauðplast	EV 50 kr/kg	EE 68 kr/kg (35% óhreinindaálag)
Stórsekkir	EV 35 kr/kg	EE 47 kr/kg (35% óhreinindaálag)
Mengað plast	OV 35 kr/kg	FO 35 kr/kg

EF: endurvinnsla eftir flokkun í samstætt plast, EO: orkunýting eftir flokkun í samstætt plast,

EV: Endurvinnsla, EE: óhreinindaálag 35% efnið þvegið á Íslandi, OV: orkunýting, FO: förgun.

Framhaldið var umræðu frá síðasta stjórnarfundum og farið yfir erindi sem þjónustuaðili hefur sent Úrvinnslusjóði um ráðstöfun blandaðra plastumbúða frá heimilum ásamt greinargerð með ósk um hækkun á endurgjaldi og að hækkunin gildi frá janúar 2020. ÓK fór yfir að staðfesting á

endurvinnsla á blönduðum plastumbúðum er ekki gefin út fyrr en að efnið er selt til endurvinnsluaðila í stað þess að ráðstöfunarkvittun á efni til flokkunar hefur gilt.

*Stjórn samþykkir einróma nýtt endurgjald fyrir meðhöndlun á plastumbúðum. Breytt endurgjaldi frá með 1. október 2020*

Framhaldið var umræðu frá síðasta stjórnarfundum um óhreinindahlutfall vegna endurvinnslu plastumbúða hér á landi. PNR hefur sent erindi sem lagt var fram á fundinum þar sem óskað er eftir 35% óhreinindaálagi á endurgjald vegna endurvinnslu á plastumbúðum.

*Stjórn samþykkir að notast við 35% óhreinindahlutfall. Gildir það í sex mánuði frá með samþykkt Úrvinnslusjóðs á framkvæmd mælinga. PNR skal gera grein fyrir hvernig staðið skuli að mælingum á óhreinindum í plastumbúðum. Senda skal Úrvinnslusjóði áfangaskýrslu eftir þrjú mánuði um framkvæmd mælinga á óhreinindahlutfalli.*

### **3. Önnur mál**

Staðfest var að fyrirtækið Dokubit mun sjá um utanumhald á rafrænum undirskriftum stjórnarmanna. Staðfesting á samþykkt stjórnarmanna mun birtast á fundargerð sem fer á vefinn. Tímáfrestur mun verða á samþykkt og hafi stjórnarmaður ekki verið á fundinum mun hann annað hvort hafna undirskrift eða láta tímáfrest renna út.

Næsti fundur 4. nóvember 2020 kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10.30